

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 22.febrúar 2021

Varðar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla.)

Í upphafi vil ég biðjast velvirðingar á því að hafa ekki skilað inn athugasemdam við þetta frumvarp innan tilskilins tíma. Fuglaverndarfélag Íslands var ekki á lista yfir þau félagasamtök sem óskað var eftir samráði við og var það fyrir tilviljun að ég sá umfjöllun um frumvarpið annarsstaðar. Þetta er mjög slæmt því ef frumvarpið nær fram að ganga óbreytt þá muni það hafa afdrifarík áhrif á Fuglaverndarélagið sem hefur verið starfandi síðan 1963 og ávallt starfað í þágu almannaheilla.

Undirrituð, fyrir hönd Fuglaverndar, vil koma á framfæri áhyggjum og furðu yfir því að í frumvarpinu sé svo takmörkuð skilgreining á starfsemi til almannaheilla, eins og fram kemur í 1.gr. og varðar breytingar á 4. tölulið 4.greinar laganna. Í frumvarpinu er gerð tilraun til að skilgreina hvaða starfsemi telst til almannaheilla með upptalningu. Upptalningin er í sjö liðum en þar er hvorki að finna náttúruverndar- eða umhverfissamtök. Þar sem allt frumvarpið byggir á þessari skilgreiningu þá hlýtur hún að vera á skjön við markmið frumvarpsins sem er að liðka fyrir rekstrarumhverfi samtaka sem ekki eru rekin með hagnaðarvon að leiðarljósi og eru að leggja sitt af mörkum til að stuðla að betra samfélagi.

Það að ætla sér að skilgreina á hverjum tíma hvað séu almannaheillasamtök mætti telja metnaðargjarnt þar sem erfitt er að sjá það fyrir hvaða almannaheillamál þurfi stuðning frá frjálsum félagasamtökum á hverjum tíma. Svo virðist sem ráðuneytið ætli að gera sumum málefnum hærra undir höfði en öðrum með upptalningunni.

Í greinargerðinni er talað um algenga skiptingu þriðja geirans í tvennskonar félög, annarsvegjar er tekið dæmi um félög ens og stéttarfélög og húsfélög sem lýsandi fyrir félög sem styrki tiltekna hagsmuni félagsmanna eða félagsins sjálfs og svo hinsvegjar félög sem stunda starfsemi til þess að auka almannaheill, og miða að því að vinna að bættum hag ótiltekins hóps manna. Hér ætti að vera ljóst hvorri tegundinni af félagasamtökum umhverfis- og náttúruverndarfélag tilheyra.

Það er ósk okkar og fleiri í sömu stöðu að þessi 1. gr. verði felld niður og áfram verði notast við opnara orðalag um þá sem þessi lög eiga við. Það verður væntanlega áfram hlutverk skattayfirvalda að halda utan um og rannsaka þau félagasamtök sem hafa fengið ívilnanir byggðar á þessum lögum ef einhver grunur leikur á að þau séu ekki að vinna óhagnaðardrifið og af heilindum að verkefnum er varða almannaheill.

Virðingafyllst
Hólmfríður Arnardóttir
Framkvæmdastjóri Fuglaverndar